



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 4. september 2024



Priðji fundur 67. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 4. september 2024 kl. 12.00.

Mætt voru: Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Páll Þórólfsson, Reynir Stefánsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Bjarni Ákason og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Fjármál og bókhald HSÍ
RG rakti stöðu fjármála HSÍ en staðan er ennþá mjög viðkvæm. ILL og SK hafa tekið yfir bókhald HSÍ og er mikil vinna til að koma því í lag en stefnt er að því að það verði klárt í lok sept., byrjun okt.
 - b. Starfsmannamál
Jón Gunnlaugur Viggósson hóf störf um mánaðarmótin og einnig hóf Kjartan aftur störf eftir veikindaleyfi. Því hefur starfsemi skrifstofunnar lagast mikið. RG lagði einnig til sökum fjárhagsstöðu HSÍ að öllum þjálfurum yngri landsliða verði sagt upp og starfsemin verður endurskipulögð. Stefnt er að því að taka þátt í öllum stórmótum næsta sumars en æfingarferðir verði í lágmarki.
 - c. Verkefni sumarsins
Yngri landslið karla og kvenna hafa náð frábærum árangri í sumar og er mikil ánægja með árangurinn. Karlaliðin eru með 5. besta árangur í Evrópu og kvennalandslíðið eru í 10. sæti. Samanlagt eru þau í 7. Sæti.
 - d. Verkefni A landsliða
RG kynnti verkefni A landsliða í vetur og mun vinna þau áfram með íþróttastjóra og þjálfurum A landsliða.
 - e. Búningamál
Samningur við búningaframleiðanda er á lokametrum og er beðið eftir lokaútgáfu samstarfssamnings. Pöntun á vörum er farin inn og beðið er eftir afhendingardegi. Jafnframt eru samningaviðræður hafnar við Margt Smátt varðandi merkingar.
3. Staða sjónvarpsmála og auglýsingamál
RS kynnti stöðu auglýsingamála en samið hefur verið við Sahara um auglýsingamál Olís deildanna. Áhersla verður lögð á samfélagsmiðla og samvinnu við Billboard sem eru með auglýsingaskilti um alla borð. Þá hefur einnig verið samið við PulseMedia um birtingu á auglýsingum á Billboard. Þá verða einnig keyrðar auglýsingar á Símanum. Stefnt er að því að útsendingar frá yngri flokkum hefjist í september sem og útsendingar með 3 myndavélum. Þá mun Ingvar Örn Ákason vera verktaki og halda utanum sjónvarpsleiki og lýsingar frá deildinni ásamt handboltapætti sem verður tekinn upp hjá Símanum og sýndur á Handboltapassanum.
4. Staða styrktaraðila
GBO, BÍ og RG hafa tekið fund og skipt með sér verkefnum varðandi endurnýjun styrkar samninga. Viðræður eru hafnar við þó nokkra aðila.



5. Skipun nefnda

Kristín lagði til skipun mótanefndar, Páll landsliðsnefndar karla og Guðríður landsliðsnefndar kvenna. Voru þær skipanir samþykktar.

6. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari